

## EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

Dags. eftirlits: 24/8 2017

Nafn fyrirtækis: Landsvirkjun

Fjöldi klst:

Tengiliður fyrirtækis: Jóna Bjarnadóttir

Framkvæmdasvæði: Þeistareykjavirkjun

Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

**Tilgangur eftirlits:** Almenn eftirlit með framkvæmdinni með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og frágangur vinnusvæða.

### Ábendingar:

Skoðaðar veltengingar línuveggar við Þeistareykjaveg. Lýsing á frágangi send Landsneti og öðrum athugasemdum komið á framfæri. Skoðuð Kvíhólanáma. Þarna er reynt að ganga jafnóðum frá þeim hlutum námunnar sem teljast fullnýttir. Umgengni um námuna er mjög góður sem og sá frágangur sem farið hefur fram til þessa. Áfram verður skoðað varðveita fallega eitla ef slíkir birtast. Frágangur Jónsnípunámu gengur betur en á horfðist að efnistöku lokinni vegna mikils umfræfnis sem flutt hefur verið í námuna og nýtt til frágangs. Frágangur námunnar er góður. Lögð var áhersla á að dreifa ekki meiri áburði í vegfláa þar sem grös eru orðið hávaxin og mjög áberandi.

Skoðuð möguleg staðsetning neyðarlausnarsvæðis. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að stýra því vatni sem losna þarf við þannig að það flæmist ekki um nágrenni stöðvarinnar og skaði gróður og skilji eftir útfellingar á yfirborði. Unnið er að mótun lausnar í samráði við skipulags- og byggingafulltrúa Þingeyjarsveitar og HNE.

**Frávik:**

**Niðurstaða eftirlits:** Snyrtileg og góð umgengni um vinnusvæðið.

**Fylgiskjöl:**

**Fylgiskjöl:**

---

Björn Stefánsson

---

f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.  
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.